

Nr. 114 / 09 Egill SH 195***Fær veiðarfæri í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1246
Smíðaður: Seyðisfirði 1972 stál
Stærð: 99,2 brl. 183 bt.
Mesta lengd: 28,15 m Skráð lengd: 25,82 m
Breidd: 5,9 m Dýpt: 5,4 m
Vél: Caterpillar 313 kW, 1972
Fjöldi skipverja: 6



Egill ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. september 2009 var Egill SH 195 á dragnótarveiðum á Fláka á Breiðafirði. Veður: SA 2-3 m/sek.

Skipverjar voru að losa festu á öðru tóginu þegar belgurinn og pokinn flaut upp undir skutinn með þeim afleiðingum að pokinn fór í skrúfuna. Skipstjórinn óskaði eftir aðstoð og það var björgunarskipið Björg sem dró Egil SH til Ólafsvíkur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.